

Ed.

273. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför, sbr. lög nr. 18 frá 1932.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 5000 kr., og auk þess allt að 1000 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 1000 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgrein.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefur ekki falið það öðrum.

Ekki má undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 27. gr. aðfararlaganna, eins og henni var breytt með lögum 18/1932, er ákveðið, að skuldunautur megi undanskilja fjárnámi nauðsynjar, er nema 100 kr., ef sá á í hlut, sem ekki á fyrir heimili að sjá, en ella 500 kr., og auk þess 100 kr. fyrir hvert barn. Vegna verðlagsbreytinga frá því fjárhæðir þessar voru ákveðnar 1932 eru undanþáguákvæði þessi nær einskis virði, ef bókstaflega væru skilin. Hér er því lagt til að hækka þessar fjárhæðir, þannig að sá, sem á fyrir heimili að sjá, megi undanskilja 5000 kr. og auk þess 1000 kr. fyrir hvert barn, en einhleypir menn 1000 kr. svo og sömu upphæð fyrir börn eins og áður getur, ef þeir eiga fyrir þeim að sjá.

Í frumvarpi þessu felst einnig sú breyting, að framangreindar undanþágur eiga einnig að koma til greina, þegar heimtir eru skattar eða önnur opinber gjöld, en samkvæmt gildandi lögum má ekki undanþiggja fjárnámi nauðsynjar samkvæmt 27. gr., þegar opinber gjöld eru innheimt með aðför.